

24. Janúar 2019

Guðni Þór Þrándarson

Það sem mig langar að gera með eftirfarandi athugasemd, er að útskýra þá kúgunartilfinningu sem þetta mál veldur stórum hluta þjóðarinnar, sýna fram á mótrök gegn grundvallarhugsun frumvarpsins og að vekja athygli ykkar á þeirri hættu sem verið er að búa til.

Flestir sem hafa sæmilega sterka siðferðiskennd finna að það er ekki rétt að valda fósturi dauða. T.d. er væntanlega ólöglegt að deyða fóstur konu *án* hennar samþykkis? Eða ef við ímyndum okkur að vísindamenn kæmust að því að ákveðin tíðni af útvarpsbylgjum myndi valda fósturláti, væri sterkt ákall um algjört bann eða verulega takmörkun á þeim bylgjum.

Þetta kom fram í máli ráðherra þar sem hún mælti fyrir frumvarpinu; að þessi ákvörðun væri alltaf þungbær (þ.e. siðferðislega erfið því konan vissi að það væri eitthvað rangt við þetta).

Kúgunin sem fólk finnur fyrir er veruleg og lýsir sér í ritskoðun og endalausum áróðri um að þeir sem ekki styðji málið séu gamaldags og á móti öllum kvenréttindum.

T.d. aðstoðaði ég mína konu við að þýða grein sem hún skrifaði til upplýsingar um fóstureyðingar og við reyndum að fá birta í fjölmiðlum, en þeir einfaldlega þorðu ekki að birta hana af ótta við femínista, reyndar ákváðu tvö stærstu blöð landsins að láta prófessor í kvenlækningum (mjög sterkan hagsmunaaðila) dæma hvort birta ætti greinina.

Hún sendi þessa grein inn sem athugasemd við sama mál (Marie Legatelois)

Grundvallarhugsunin sem kemur fram í rökstuðningi laganna virðist vera sú að

- 1) Fóstur sé hluti af líkama konu (eða etv. að hún hafi rétt til þess að úthýsa því og deyða)
- 2) Fóstureyðing sé heilbrigðisþjónusta
- 3) Málið leiði til aukinnar hamingju og frelsunar kvenna

Varðandi það hvort fóstur sé líkami konunnar; þá er óumdeilanlegt að fóstur er í líffræðilegum skilningi sjálfstæður, mennskur einstaklingur frá getnaði.

Úthýsing sem leiðir óhjákvæmilega til dauða, eða innri aflifun, er í raun sambærileg við mann sem hefur barn á heimilinu en ákveður að hætta alfarið að sinna því þar til það sveltur til bana, til þess að auka eigin frelsi.

Efri mörkin byggja lauslega á þeim tíma sem fóstur verður fyrst lífvænlegt utan líkama konu, en líkur eru á því að tækniframfarir á næstu árum leiði til þess að hægt verði að bjarga fyrirburum sífellt fyrr

(og til að greina vandamál sífellt fyrr). Til þess að lögin verði ekki úrelt á nokkrum árum þyrfti ekki að vera ákvæði í lögnum sem tryggir að viðmiðunaraldur fósturs lækki m.v. bestu mögulegu tækni?

Að skilgreina fóstureyðingu sem heilbrigðisþjónusta er öfugsnúið og býr til ýmis vandamál. Fóstureyðing er í sárafáum tilfellum heilbrigðari valmöguleiki fyrir konu heldur en fæðing. Það eru vissulega til tilfelli þar sem áframhaldandi meðganga er lífshættuleg konu og barni, en þá er fóstureyðing óumdeilanlega skásti kostur sem er í boði.

Það er áhætta fólgin í aðgerðinni, fyrir konuna og næstu meðgöngur og svo það sé aftur tekið fram er einfaldlega verið að útrýma möguleika mennsks einstaklings á lífi og heilsu.

Þá eru heilbrigðisstarfsmenn settir í stöðu sem stríðir gegn Hippókratesareiðnum. Þeir hafa beina hagsmuni af því að framkvæma fóstureyðingar, en eiga á sama tíma að veita hlutlæga og ítarlega fræðslu og gera það sem þeir geta til að konan þiggi ekki þjónustu sem þeir munu fá greitt fyrir að veita? Svona fyrirkomulag getur ekki talist nægilega hlutlægt; væri t.d. sniðugt að leyfa tóbaksfyrirtækjum að stjórna tóbaksforvörnum?

Að þjónustan sé gjaldfrjál er e.t.v. ekki alveg sambærilegt við það að tóbak væri niðurgreitt af ríkinu, en þýðir að hvati til að ganga með er minni en ella, sérstaklega því stuðningur við konur til að fæða barn (jafnvel gefa til ættleiðingar) er miklu minni en kostnaður við að eiga og ala upp barn (svo ekki sé talað um tapaðar vinnustundir).

Síðast en ekki síst þýðir þetta að stór hópur fólks sem hefur andstyggð á þessum verknaði er þvingað til greiða fyrir fóstureyðingar annarra.

Það gefur fólki í raun réttláta ástæðu til að segja sig úr lögum við íslensku valdstjórnina.

Ráðherra leggur í sínum rökstuðningi áherslu á rétt konunnar til að taka sjálfstæða aðkvörðun og að í þeim tilfellum sem ákvörðunin sé fóstureyðing eigi enginn að efast um að það sé sú ákvörðun sem muni leiða hana til mestrar hamingju, öryggis og frelsis.

Hér koma upp vandamál sem Marie Legatelois talar um í greininni sinni, vil ég sérstaklega benda á eftirfarandi:

Rannsóknir sýna að helstu ástæður sem konur gefa fyrir fóstureyðingum eru fjárhagslegar, þrýstingur frá fjölskyldu/maka og þrýstingur vegna samfélagsviðmiða.

Það þýðir að í flestum tilfellum er fóstureyðing kúgunarverkfæri gegn konum, rétt eins og sá jarðvegur sem knýr þær í þessa átt. Í því samhengi bendi ég á samtökin Feminists for Life (<http://www.feministsforlife.org>), sem viðhengi við þessa athugasemd.

Að lokum vil ég benda á þá fordæmishættu sem lögin myndu setja. Hættan á að virðing fyrir rétti manneskju til lífs tynist algjörlega, að hinir sterkustu megi gera það sem þeir vilja í krafti styrks síns.

Síðmenningar sem feta þessa braut hafa iðulega tortímt sjálfum sér; samfélög eru best dæmd á því hvernig þau koma fram við sína veikustu meðlimi.